

Nettengd Biblía fyrir börn kynnir

Fæðing Jesú



Höfundur: Edward Hughes
Myndskreytingar: M. Maillot

Þýðandi: Þráinn Kristjánsson
Aðlagð af: E. Frischbutter; Sarah S.

Saga 36 af 60

www.M1914.org

Bible for Children, PO Box 3, Winnipeg, MB R3C 2G1 Canada

Skilmálar: Þér er heimilt að afrita eða prenta þessa sögu, en ekki selja.

Íslenska

Icelandic

Fyrir ævalöngu síðan sendi Guð engilinn Gabríel með skilaboð til gyðingastúlku sem hét María.
"Þú munt eignast son og hann á að heita Jesús. Hann mun ríkja að eilífu og verða kallaður sonur hins hæsta."



1

"Hvernig má þetta verða, þar eð ég hef aldrei haft mök við nokkurn karlmann?"
Engillinn sagði Maríu að barnið kæmi frá Guði, og mundi ekki eiga mannlegann föður.



2

Engillinn sagði Maríu að Elísabet frænka hennar, þótt ófrjó væri, ætti líka von á barni. Annað kraftaverk! Skömmu síðar fór María að heimsækja Elísabetu, og Þær lofuðu Guð saman.



3

María var trúlofuð manni sem hét Jósef. Það olli Jósef miklum vonbrygðum er hann frétti að María ætti von á barni. Hver skyldi faðirinn vera?



4

Engill Guðs birtist Jósef í draumi og sagði honum að barnið væri sonur Guðs, og að hann ætti að láta hann heita Jesú.



5

Jósef trúði, og var hlýðinn Guði. Hann var líka hlýðinn lögum landsins, og vegna nýrra laga þurfti hann og María að fara til Betlehem til að láta skrásetja sig.



6

Nú var María að því komin að fæða barnið, en Jósef fékk hvernig inni. Öll gistihús voru full í Betlehem.



7

Að lokum tókst þeim að finna fjárhús, og þar fæddist Jesús. María lagði litla Jesú sinn í eina jötuna.



8

Þar skammt frá voru fjárhirðar að gæta hjarðar sinnar. Engill Drottins birtist og bar þeim fagnaðarfréttir.



9

"Í dag er ykkur frelsari fæddur í borg Davíðs, sem er Kristur Drottinn. Þið munuð finna barnið liggjandi í jötu."



10

Skyndilega birtist englaskari mikill sem lofaði Guð og sagði, "Dýrð sé Guði í upphæðum og friður á jörðu og velpóknun Guðs yfir mönnum."



11

Hirðarnir flýttu sér nú til Betlehem. Eftir að þeir fundu barnið, sögðu þeir öllum frá því sem engillinn hafði sagt þeim um Jesú.



12

Fjörutíu dögum síðar fóru Jósef og María með Jesú til musterisins í Jerúsalem.

Þar hittu þau mann er Símon hét, og einnig spákonuna

Önnu, sem bæði lofuðu Guð og þökkjuðu honum fyrir barnið.



13

þau vissu að Jesús væri sonur Guðs, hinn væntanlegi frelsari. Jósef fórnaði tveimur fuglum, að hætti fátækra foreldra, er þau færðu nýfætt barn sitt fram fyrir Drottinn.



14

Nokkru síðar birtist stjarna ein og vísaði vitringum frá Austulöndum til Jerúsalem.



15

"Hvar er hinn nýfæddi konungur Gyðinga?" spurðu þeir. "Við erum komnir til að veita honum lotningu."

Heródes konungur skelkaðist er honum bárust fréttirnar. Hann spurði vitringana um Jesú. "Ég vil veita honum lotningu líka," laug Heródes, því hann vildi að Jesús yrði drepinn.



16

Stjarnan vísaði vitringunum beint til hússins þar sem Jósef, María og Jesús áttu heima. Gláðir mjög, og af mikilli lotningu, færðu vitringarnir Jesú ríkulegar gjafir, gull, reykelsi og myrru.



17

Guð sagði vitringunum að snúa ekki aftur til Heródesar. Heródes varð ofsareiður og ákvað að að myrða Jesú. Hann lét myrða öll sveinbörn í Betlehem.




18

En Heródes tókst ekki að skaða son Guðs! Engill birtist Jósef í draumi og sagði honum að flýja með Maríu og barnið til Egyptalands.



19

Eftir dauða Heródesar, snéri Jósef aftur heim með Maríu og Jesú. Þau áttu heima í litlum bæ í Galíleu sem heitir Nasaret.



20

Fæðing Jesú

Sögu þessa úr heilagri ritningu, Biblíunni,

er að finna í

Mattesusi 1-2 og Lúkasi 1-2

"Þegar orð þín ljúkast upp, ljóma þau."
Sálmarnir 119:130

Guð veit að við höfum öll gert rangt af okkur, sem hann kallar synd. Hegning syndarinnar er dauði.

Guð elskar okkur svo mikið að hann sendi son sinn, Jesú, til að deyja á krossi til að borga fyrir syndir okkar. **Jesús lifnaði á ný** og fór aftur til himnaríkis. Nú getur Guð fyrirgefið syndir okkar.

Ef þú vilt snúa baki við syndum þínum, segðu þá eftirfarandi til Guðs: Góði Guð, ég trúi að Jesús hafi dáið fyrir mig, og komið svo aftur til lífs. Ég bið þig nú að koma inni líf mitt og fyrirgefa syndir mínar, svo ég geti öðlast nýtt líf og verið með þér alla eilífð. Hjálpaðu mér að lifa fyrir þig sem Guðs barn. Amen

Lestu biblíuna og talaðu við Guð á hverjum degi!